

Fundargerð 436

Föstudaginn 22. janúar 2016 kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Herdís Á Sæmundardóttir formaður, Einar E. Einarsson, Karl Björnsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Páll Baldursson og Sigríður Jóhannesdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 6), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Valdimar Hafsteinsson boðaði forföll og varamaður hans hafði ekki tæk á að mæta.

Formaður setti fund kl. 10:05 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2015
3. Fundargerðir lánanefndar
4. Leiga fullnustueignar – gróðurhús á Héraði
5. Framkvæmdir við fullnustueign á Patreksfirði
6. Óúthlutað aflamark Byggðastofnunar
7. Samningur við SASS um atvinnuráðgjöf á Suðurlandi
8. Önnur mál
9. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 435 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2015

AP fór yfir stöðu rekstrar í lok árs 2015. SBS upplýsti um vinnu við gagnagrunn um byggðatengdar upplýsingar. SBS upplýsti einnig um lög um opinber fjármál nr. 123/2015 sem samþykkt voru á síðasta þingi. Þar er Byggðastofnun ætlað að gefa fjárlaganefnd Alþingis umsögn um áhrif fjárlagafrumvarps á byggðaþróun í landinu.

3. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 38/15, 18. desember 2015

AP fór yfir fundargerðina.

Fundargerð lánanefndar nr. 1/16, 6. janúar 2016

AP fór yfir fundargerðina.

...

Fundargerð lánanefndar nr. 2/16, 14. janúar 2016.

AP og EGK fóru yfir fundargerðina.

...

...

4. Leiga fullnustueignar – gróðurhús á héraði

HÁ fór yfir minnisblað um málið. Wasabi Ísland ehf. hefur óskað eftir því að tala Valgerðarstaði 4, á Fljótsdalshéraði á leigu til 10 ára til að rækta wasabi. Ekki er talið að mikil eftirspurn sé eftir húsnæðinu sem hefur verið í eigu Byggðastofnunar frá árinu 2013.

Mælt er með því að stjórn samþykki að leigja eignir Byggðastofnunar að Valgerðarstöðum 4, Fljótsdalshéraði til allt að tíu ára með tímabundnum leigusamningi.

Samþykkt samhljóða með fyrirvara um að ekki verði byggt á lóðinni meðan leigusamningurinn er í gildi nema með samþykki Byggðastofnunar.

5. Framkvæmdir við fullnustueign á Patreksfirði

HÁ sagði frá fyrirhuguðum framkvæmdum sem fara þarf í á þaki á Vatneyri/vélsmiðju eða s.k. sjóræningjahúsi á Patreksfirði sem Byggðastofnun eignaðist árið 2014. Tvö tilboð hafa borist í framkvæmdina upp á 8,5 mkr. m. vsk. frá Sigurpáli Hermannssyni og 12,1 mkr. m. vsk. frá Geirnaglanum ehf.

Lagt er til að starfsmönnum verði falið að semja um framkvæmdina við Sigurpál Hermannsson á grundvelli tilboðs hans.

Samþykkt samhljóða.

6. Óúthlutað aflamark Byggðastofnunar

SÁ kom á fundinn undir þessum dagskrárlið. Óskað hefur verið eftir aukningu á aflamarki Byggðastofnunar á Djúpavogi og í Hrísey. Auk þess hafa komið fram hugmyndir um nýtingu Aflamarks Byggðastofnunar á Vopnafirði vegna afleiðingar af innflutningsbanni Rússa.

Á fiskveiðiarinu 2015-2016 hefur Byggðastofnun 4.049,5 þorskígildistonn til ráðstöfunar.

- 2.500 þorskígildistonn eru bundin í átta samningum
- 400 þorskígildistonnum hefur verið ráðstafað vegna Grímseyjar
- 400 þorskígildistonnum hefur verið ráðstafað vegna Tálknafjarðar
- 150 þorskígildistonn eru frátekin vegna Bakkafjarðar
- 599,5 þorskígildistonnum er óráðstafað

Lagt er til að forstjóra verði falið að auglýsa 400 þorskígildistonn vegna Djúpavogs og 100 þorskígildistonn vegna Hríseyjar.

Samþykkt samhljóða.

Forstjóra falið að gera minnisblað til ráðherra þar sem beint væri til hans að setja mótvægisaðgerðir vegna innflutningsbanns Rússa í ákveðinn farveg, þar sem þeir staðir sem verða mest fyrir barðinu á innflutningsbanni Rússa verða teknir fyrir.

SÁ vék af fundi.

7. Samningur við SASS um atvinnuráðgjöf á Suðurlandi

AÐ og SBS fóru yfir samskipti milli Byggðastofnunar og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) varðandi atvinnuráðgjöf. Óskað verður eftir skýrari svörum um hvernig SASS ætli að uppfylla ákvæði samnings við Byggðastofnun um atvinnuþróun eftir að atvinnuráðgjöfum SASS hefur verið sagt upp störfum. AÐ og SBS ræddu hvort líta bæri á þetta sem riftun samnings af hálfu SASS og hvort rétt væri að halda áfram greiðslum skv. honum. Fyrirhugaður er fundur forstjóra og forstöðumanns þróunarsviðs með stjórn og framkvæmdastjóra SASS þar sem leitað verður eftir frekari skýringum á stöðu mála hvað varðar atvinnuráðgjöf á Suðurlandi.

8. Önnur mál

Styrkir til mastersnema

Á fundi stjórnar Byggðastofnunar 13. febrúar 2015 var samþykkt að veita allt að fjóra 250 þúsund kr. styrki til mastersnema til að vinna afmörkuð verkefni tengd framkvæmd einstakra aðgerða í byggðaáætlun.

AÐ leggur til að sama fyrirkomulag verði á því á árinu 2016 og allt að fjórir 250 þúsund kr. styrkir verði veittir.

Samþykkt samhljóða.

Sala á Vallarási Borgarnesi

Á síðasta fundi stjórnar var samþykkt að gera tilboðsgjafa í Vallarás 7-9, Borgarnesi gagntilboð í eignina. Það gagntilboð var samþykkt með fyrirvara um skoðun á eigninni. Núverandi leigjanda var gefinn 30 daga frestur til að nýta sér forkaupsrétt í samræmi við leigusamning. Hefur leigjandi óskað eftir því að fresturinn byrji ekki að telja fyrr en kauptilboð hefur verið samþykkt fyrirvaralaust.

HÁ leggur til að leigjendum verði boðinn framlengdur frestur frá mánudeginum 18. janúar sl. til næstu 15 daga.

Samþykkt samhljóða.

Eyrarrósinn

AÐ upplýsti að Eyrarrósinn verði afhent á Rifi í Frystiklefanum. Eyrarrósarlistinn hefur verið birtur á heimasíðu stofnunarinnar.

Húsnæðismál

Formaður upplýsti um fund sinn og forstjóra með ráðherra í síðustu viku. Stærðarósk stofnunarinnar hefur verið samþykkt og er Framkvæmdasýsla ríkisins að uppfæra frumathugun sína frá árinu 2014.

Næstu skref eru að funda með Framkvæmdasýslunni um hönnun og framkvæmdaferil. Forstjóri mun óska eftir vilyrði Svf. Skagafjarðar fyrir lóð.

9. Næsti fundur

Næsti fundur verður 19. febrúar 2016 á Sauðárkróki

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:20

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____